

Fundargerð stjórnar BÍS 24/2012.

miðvikudaginn 14. nóvember 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Umræða 1:
 - a. World Scout Moot 2017: JIB falið að koma með tillögu að erindisbréfi og nöfnum í 3-5 manna vinnuhóp sem leggur grunn að áætlun um undirbúning og kynningu. JIB og JA falið að forma verkefnið.
 - b. Stefnumótun m.t.t. samanburðar við WOSM: BAÁ kynnti vinnuáðferð og ákveðið að efna til vinnufundar stjórnar og starfsmanna BÍS miðvikudaginn 21. nóvember kl. 16-22.
4. Umræða 2:
 - a. Starfsáætlun 2013: Umræðu frestað fram yfir vinnufund stjórnar og starfsmanna.
 - b. Áherslur stjórnarfunda fram að Skátapingi: Umræðu frestað fram yfir vinnufund stjórnar og starfsmanna.
5. Mál til kynningar og bókunar:
 - a. Starfsyfirlit Skátamiðstöðvarinnar: Lá frammi.
 - b. Úlfljótsvatn: Svar hefur ekki borist frá Skátasambandi Reykjavíkur við kauptilboði frá BÍS. Samþykkt að bíða eftir svari þó frestur í tilboði sé útrunninn.
 - c. 2. nóvember: Dagskrá dagsins gekk vel þrátt fyrir afleitt veður.
 - d. Samningur við Landsbókasafn: Fyrirliggjandi drög að samningi við Landsbókasafn um skönnun á Skátablaðinu samþykktur.
 - e. Norræni skjaladagurinn 10. nóvember: Dagurinn gekk vel og ÓP undirritaði f.h. BÍS samning milli Þjóðskjalasafns Íslands annars vegar og BÍS og SSR hins vegar um afhendingu skjala til safnsins og varðveislu þeirra þar.
 - f. Afmæli skf. Stróks: BB mætti í afmælið sem haldið var 3. nóvember.
 - g. Viljayfirlýsing BÍS og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um samvinnu: Yfirlýsingin var undirrituð á Kjarvalsstöðum 2. nóvember af Herði Má Harðarsyni, formanni SL og Braga Björnssyni, skátahöfðingja.
6. Önnur mál:
 - a. Kynningarfundur um skátastarf á Hólmavík: Miðvikudaginn 7. nóvember var haldinn kynningarfundur um skátastarf á Hólmavík að frumkvæði heimamanna. Á fundinn mættu rúmlega 30 börn, unglingar og fullorðnir. Fundurinn gekk mjög vel og var börnum og unglungum boðið að taka þátt í leik á meðan rætt var við fullorðna. Fulltrúar BÍS voru Ingibjörg Hannesdóttir, Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir og Júlíus Aðalsteinsson. Auk þeirra mætti Anna Margrét Tómasdóttir, skátafélaginu Stíganda í Dalabyggð á fundinn.

Fleira ekki rætt
Fundu slitið kl. 20:00
Fundargerð ritaði JA